

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi Brekkuskóla og nágrennis.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 11. desember 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir Brekkuskóla og nágrenni.

Breytingin tekur til Skólastígs 6 og felur í sér að innan lóðarinnar er afmörkuð ný lóð fyrir rafmagnsdeilistöð. Stærð nýju lóðarinnar er 24,2 m² og minnkar lóð Skólastígs 6 til samræmis. Hámarksbyggingarmagn innan lóðar er 15 m² og hámarkshæð 2,4 metrar.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og var ekki talin þörf á grenndarkynningu sbr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Holtahverfi norður.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 21. janúar 2025 breytingu á deiliskipulagi fyrir Holtahverfi norður.

Breytingin tekur til Þursaholts 2-12 og felur í sér að lóðinni er skipt upp í tvær lóðir, Þursaholt 2 og Þursaholt 4-12 og byggingarreitur breytast. Gert er ráð fyrir hjúkrunarheimili á lóðinni Þursaholti 2 og á lóðinni Þursaholti 4-12 er gert ráð fyrir fjölbreyttum íbúðum fyrir 60 ára og eldri. Heimild er fyrir allt að 600 m² þjónustumiðstöð á jarðhæð Þursaholts 4-12 og möguleiki er á tengingu við hjúkrunarheimilið. Leyfilegt verður að byggja allt að fjórar hæðir.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Háskólans á Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 18. febrúar 2025 breytingu á deiliskipulagi fyrir Háskólann á Akureyri.

Skipulagssvæðið tekur til grænna svæða sem liggja vestan Dalsbrautar. Breytingin gerir m.a. ráð fyrir að leyfilegt byggingarmagn eykst um 2.200 m², fer úr 5.200 m² og upp í 7.400 m², heimilt verði að byggja 3 byggingar í stað 2, heimilaðar verði alls 127 íbúðir, bílastæðakröfur verði lækkaðar í 1 stæði fyrir hverjar 5 íbúðaeiningar en ef búsetuform breytist innan lóðar falla þessir skilmálar úr gildi og við taka almennir skilmálar Akureyrarbæjar.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 4. mars 2025,

Rebekka Rut Þórhallsdóttir, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.